

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðaneytið
Sölvhólgötu 7
101 Reykjavík

Reykjavík 11. Ágúst 2021

Efni: Umsögn um grænbók um fjarskipti.

Vísað er til tilkynningar í samráðsgátt stjórnvalda þar sem óskað er eftir umsögn um drög að grænbók um fjarskipti þar sem hagsmunaaðilar eru hvattir til að koma með áherslur sem þeim þykja skipta mestu máli til framtíðar.

Securitas er öryggisfyrirtæki þar sem þúsundir einstaklinga, heimila, fyrirtækja, stofnanir treysta á öryggisbúnað ýmsan að láta vita ef eitthvað er að og þarf að bregðast við.

Securitas skilgreinir margar af þjónustuvörum sínum sem lífsbjargandi búnað, má þar nefna öryggishnappa einstaklinga, brunakerfi, slökkvikerfi, neyðarhnappa, árásarhnappa svo eitthvað sé nefnt.

Á bakvið þessi kerfi eru farsíma sambönd ásamt línulegum netsamböndum ef þau eru í boði.

Securitas hefur farið í gífurlegar uppfærslur á sínum búnaði til að vera í stakk búin til að geta tekið þátt í þeirri þróun sem 4G og 5G spila lykilþátt í lausnum.

Eftirfarandi er umsögn/ábending Securitas um grænbók um fjarskipti.

3.8 Lykilviðfangsefni til næstu ára

Eins og nefnt er í kaflanum 3.3 Áhrif bætttra fjarskipta á samfélagið „... *bætt fjarskipti geta nýst elsta aldurshópi notenda afar vel t.d. stuðlað að því að fólk geti búið lengur heima t.d. fyrir tilstuðlan neyðarhnappa...*“. Einnig neðar í þessum kafla varðandi vinnusóknarsvæðum „*Bætt fjarskipti eru til þess fallinn að auðvelda atvinnupáttöku þeirra sem búa langt frá vinnustað*“

Að auðvelda atvinnupáttöku langt frá vinnustað án þess að auka öryggi fjarskipta þarf að vera upplýst ákvörðun, þetta þarf að haldast í hendur.

Securitas hefði viljað sjá eitt af lykilverkefnum til næstu ára vera að bæta uppítíma fjarskiptakerfa og þá sérstaklega farsímakerfa. Ef farsímakerfi dettur út á 1-2 tímum og stundum strax þega rafmagnsleysi verður þá skiptir ekki máli hversu stór og öflug batterí okkar lífsbjargandi kerfa er með. Slíkur búnaður mun ekki geta sent inn boð ef innviðir fjarskiptakerfa detta úr.

4.3 Áherslur

Securitas hefði viljað sjá undir kaflanum “Raunlægt öryggi” að sérstaklega væri minnst á lágmarks uppítíma senda.

5. Hver er þín skoðun.

Securitas fagnar þessu sem koma skal en hefur miklar áhyggjur af uppitíma og telur að svona sýn og stefna þurfi að koma miklu sterkar inn til að geta tryggt að farsímakerfi haldi þótt rafmagn stofnlína detti út. Til að geta haldi uppi lög boðuðum vörnum fyrirtækja og stofnana í formi brunavarna þá eru dreifbýli oftast en ekki úti og einnig öryggishnappar/brunakerfi okkar þegar verður rafmagnsleysi á farsímakerfi.

Undirritaður veitir allar frekari upplýsingar vegna umsagnar þessarar, sé þess óskað.

Fyrir hönd Securitas

Theodór Carl Steinpórsson